

Leikskólinn Garðasel



næring-hreyfing-lífstæköpun

Ársskýrsla

2013 -2014

Efnisyfirlit

1. Leikskólinn	3
1.1 Leikskólinn, stærð og aldur	3
1.2 Um stofnun nýrra deilda, breytingar á eldra húsnæði	3
2. Nemendur	3
2.1. Fjöldi barna skipt eftir aldri , dvalartími	3
2.1.1.Fjöldi barngilda	3
2.1.2.Fjöldi barna sem hafa annað móðurmál en íslensku	4
2.2 Fjöldi barna sem njóta sérstuðnings í leikskóla	4
3. Starfsfólk	
3.1. Stöðugildi	4
3.2. Fundir	5
3.3. Skipulagsdagar	5
3.4. Símenntun	6
4. Innra starf leikskólans	7
4.1 Uppeldisstefna áherslur og markmið	7
4.1.1 Sérþækar áherslur á skólaárinu	10
4.1.2 Önnur viðfangsefni	10
4.2 Gæðamat, framkvæmd og niðurstöður	11
4.3 Foreldrasamstarf, eðli þess og umfang	13
4.3.1 Áherslur og markmið	13
4.3.2 Foreldrafélag	13
4.3.3 Foreldraráð	13
4.3.4 Foreldraviðtöl	13
4.3.5 Foreldrafundir, foreldrafræðsla	14
4.3.6 Upplýsingar til foreldra	14
4.3.7 Þátttaka foreldra í leikskólastarfi	14
4.4. Samstarf	15
4.4.1 Samstarf leikskólustjóra	15
4.4.2 Samstarf sérkennslustjóra	15
4.4.3 Samstarf við háskóla	15
4.4.4 Samstarf við rektraraðila	15
4.4.5. Samstarf við heilsugæslu	15
4.4.6 Samstarf við sérfræðiaðila	15
4.4.7 Samstarf við aðra	16
4.4.8 Móttaka gesta	16
4.5 Starfið síðastliðið ár	16
4.5.1 Starfsáætlun, skóladagatal	16
4.5.2. Þróunar og nýtbreytni starf	16
4.6.3 Ferðir, menningarviðburðir, sýningar	17
4.6 Öryggimál leikskóla	18
5. Lokaorð	19
6. Fylgiskjöl	20

1. Leikskólinn

1.1. Leikskólinn (stærð og aldur)

Heildarflatarmál leikskólans er 543,5 fm en leik- og kennslurými er 256,1 fm .

Garðasel er þriggja deilda leikskóli með blandaðan dvalartíma inni á öllum deildum.

Á skólaárinu var aldursskipting deilda ; **Lón** 2 ára , **Holt** 3 - 4 ára og **Vík** 4 - 5 ára.

Leikskólinn fagnaði 22 ára afmæli sínu þann 1. september.

1.2 Viðhald skólans

Á þessu skólaári voru deildir málaðar og lagfæring á borði við uppþvottavél. Klæðning á hluta á gafli við inngang skólans var endurnýjuð í nóvember ásamt gluggum í skrifstofu og útihurð þar sem mikill kuldi var í skrifstofurými leikskólastjóra vegna ónógrar einangrunar.

2. Nemendur

Á skólaárinu voru 75 börn í leikskólanum.

2.1 Fjöldi barna skipt eftir aldri, dvalartími

Allur dagurinn	7,0	7,5	8,0	8,5	9,0	9,5	10,0
Elsti árgangur		1	4	10	3	2	
Annar árgangur	1	2	4	11		1	
Þriðji árgangur		1	1	11	1	1	
Fjórði árgangur			5	13	2		
Alls, A	1	4	14	45	6	4	0
Fjöldi barna, FYRIR HÁDEGI							
B	Fjöldi barna í árgöngum, eftir stundafjölda						
Fyrir hádegi	4,0	4,5	5,0	5,5	6,0	6,5	
Elsti árgangur							
Annar árgangur							1
Þriðji árgangur							
Fjórði árgangur							



2.1.1 Fjöldi barngilda

Barngildi í leikskólanum skólaárið 2013 -2014 voru 721 og dvalarstundir á bak við þau 630 klst. Raunnýting skólans miðað við rými var 107,9 %. Dvalarstundir standa í stað milli ára, en örlítil aukning er í barngildum og þar ræður að yngri börnin eru fleiri en í fyrra.

2.1.2 Fjöldi barna sem hafa annað móðurmál en íslensku

Eitt barn af erlendum uppruna var í leikskólanum (pólskt) og annað barn, sem var tvítýngt ; íslenska og pólska.



2.2 Fjöldi barna sem njóta sérstuðnings í leikskóla

Sérstuðningur var fyrir 4 börn samtals 17 klst á dag , þar af var eitt barnið með 8,5 klst.

Í Garðaseli er sérkennslustjóri í 37,5 % stöðuhlutfalli og hlutverk hans er að halda utan um og skipuleggja sérkennslu og sérstuðning í skólanum, ásamt því að leggja fyrir Hljóm-2, vinna með niðurstöður og styðja við börn með frekar eða mjög slaka færni. Einnig að ráðleggja og leiðbeina deildum varðandi ýmis mál er varða börnin og hafa umsjón um beiðnum varðandi sérfræðiaðstoð og vera í samvinnu við sérfræðinga sem að skólanum koma (sálfræðingur, talmeinafræðingur, sjúkrabjálfi, iðjubjálfi, Greiningarstöð ofl.)

3. Starfsfólk

3.1 Stöðugildi

Leikskólinn hafði samkvæmt reiknilíkani 18,83 stöðugildi á skólaárinu

Leikskólakennarar / stjórnendur	Leikskólaliðar	Leiðbeinendur	Eldhús
13 kennarar = 11.9 st	2 leikskólaliðar = 1,8 st	4 leiðbeinendur= 3,3 stg	2 starfsmenn = 1,5 stg

Einn deildarstjóri var í leyfi frá stjórnun vegna náms við HÍ. Einn starfsmaður var á fyrsta ári í leikskólakennarafræðum í HÍ. Guðlaug Sverrissóttir var í leyfi frá deildarstjórn þetta skólaár.

Starfsfólk í Garðaseli 2013 -2014

Arnþrúður Kristjánsdóttir	leiðbeinandi	1,00
Ásta Benediktsdóttir	Leikskólakennari / deildarstjóri	0,80
Erna Haraldsdóttir	leikskólaliði	0,80
Erna Markúsdóttir	matráður	0,75
Guðbjörg Gísladóttir	Leiðbeinandi / sérstuðningur	0,80
Guðbjörg Þórisdóttir	leikskólakennari	1,00
Guðlaug Sverrissóttir	Leikskólakennari / deildarstjóri í leyfi	0,90
Guðríður Sigurjónsdóttir	leikskólakennari	1,00
Guðrún Sigvaldadóttir	leikskólakennari	0,90
Hafrún Jóhannesdóttir	Leikskólakennari / deildarstjóri	0,90
Heiða Arnþórsdóttir	Leikskólakennari	0,84
Hlíf Björnsdóttir	aðst.matráður	0,75
Ingunn Ríkharðsdóttir	leikskólakennari	1,00
Ingunn Sveinsdóttir	leikskólakennari	0,875
Íris Björg Þorvarðardóttir	Leikskólakennari	0,90
Lára Dóra Valdimarsdóttir	Leiðbeinandi, nemi í HÍ	0,80
Karen Pálsdóttir	Leikskólaliði	0,90
Margrét Jónsdóttir	leiðbeinandi	0,70
Ragnheiður Dagný Ragnarsdóttir	Leikskólakennari / sérstuðningur	0,875
Ragnhildur Jónsdóttir	Leikskólakennari / deildarstjóri	1,00
Sonja Sveinsdóttir	leikskólakennari	0,90

3.2 Fundir

Á skólaárinu voru 5 **starfsmannafundir**, þar sem tekin voru fyrir málefni sem vörðuðu allan starfsmannahópinn, stuttir fyrirlestrar og var hver fundur 2 klst.

Deildarfundir voru á þriðjudögum og fékk hver deild fund annan hvern þriðjudag.

Deildarstjórafundir voru að jafnaði einu sinni í mánuði fyrir starfsmannafundi en oftast ef þörf var á.

Leikskólastjóri fundaði með **foreldraráði** þrisvar sinnum á skólaárinu og Ingunn Sveinsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri með **foreldrafélagi** þrisvar sinnum. Tölvupóstur var einnig nýttur til samráðs og samskipta til að nýta tímann vel.

Samráð stjórnenda voru 12 klst og dreifðust yfir vikuna eftir þörfum. Samráðið tók m.a. til

- skipulags skólastarfið og fara yfir skipulagsmál innanhúss
- vinnu áætlana- og skýrslugerð fyrir leikskólann
- vinnu í námskrám
- starfsmannasamtöl
- samræmingu stjórnunarháttanna
- handleiðslu og stuðning stjórnenda



Starfsmannapóstur var gefinn út fyrir flesta starfsmannafundi og þar voru settar inn allar nauðsynlegar upplýsingar til starfsmanna. Markmiðið er að stytta þann tíma á starfsmannafundum sem fer í að fara yfir tilkynningar og önnur minniháttar mál.

Fundargerðir eru unnar jafnóðum og fá allir starfsmenn þær sendar í tölvupósti. Fundargerðir eru vistaðar í sameiginlegri möppu sem allir hafa aðgang að og þá er prentað eintak lagt fram á kaffistofu.

Fundargerðir foreldraráðs og foreldrafélags eru sendar fulltrúum til yfirlestrar og síðan sendar til allra foreldra ásamt því að fara inn á heimasíðu skólans.

3.3 Skipulagsdagar skólaársins

Skipulagsdagar voru fjórir á skólaárinu samkvæmt skóladagatali, 21. október 2013, 22. apríl og 27. og 28. maí 2014. Sótt var um tilfærslu á þremur dögum vegna námsferðar starfsmanna til Minneappolis dagana 27. -30. maí 2014. Reyndin varð sú að tvo skipulagsdaga þurfti að færa því hægt var að hafa opið fyrir hverja deild einn dag á meðan á námsferðinni stóð þar sem 6 starfsmenn fóru ekki í ferðina. Þannig átti leikskólinn tvo skipulagsdaga eftir í stað eins.

- Skipulags 21. október 2013 – var lokað og starfsmenn í fríi. Búnir voru til fjórir 2 klst starfsmannafundir í staðinn sem hentaði leikskólanum betur – starfshópurinn fundaði þannig einu sinni í hverjum mánuði.



- 22. apríl 2014 voru einn fyrirlestur á starfsdegi. **Færni til framtíðar** (4 klst) sem Sabína Halldórsdóttir, íþróttakennari, var með og fjallaði hann um ótal tækifæri í umhverfinu til að efla og vinna með hreyfiproska barna. Þá fór leikskólastjóri yfir nýtt þemahefti um **Námsmat í leikskólum**, en í því er gerð grein fyrir fjölbreyttum leiðum til námsmats. Síðan voru vinnufundir deilda sem voru nýttir til að undirbúa það sem framundan var og endurmeta það sem búið var.

3.4 Símenntun

Símenntun Garðasels tekur mið af stefnu og áherslum í starfi og reynt er að styrkja og efla þann grunn enn frekar með sameiginlegum fyrirlestrum og styttri námskeiðum fyrir allt starfsfólk um leið og starfsfólk var hvatt til að nýta sér endurmenntunarsstyrksinn hjá stéttarfélögum sínum.

Skólaárið 2013-2014 voru eftirtaldir þættir inni í símenntunaráætlun fyrir alla starfsmenn:

- **Fyrsta hjálp** – Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir hjúkrunarfræðingur
- **Færni til framtíðar** – Sabína Halldórsdóttir, íþróttifræðingur, fyrirlestur um fjölbreytt tækifæri í umhverfinu og hugmyndir til að efla hreyfiproska barna. Ýmis námsgögn voru lögð fram til kynningar.
- **Uppeldi til ábyrgðar** – lestur, vinnuhópar, áframhaldandi innleiðing í starfsmannahópi
- **Uppeldi til ábyrgðar** – námsferð til Minneapolis 27. -30. maí 2014 _ fyrirlesarar voru Judy Anderson og Diane Gossam.
- Námskeið sem starfsfólk velur sér og nýtir endurmenntunarsjóði sína

Ný aðalnámskrá – skólanámskrá – allt skólaárið

Lokið við að fara yfir alla þætti í nýrri skólanámskrá.

Stjórnendanámskeið 7. mars 2014

Garðasel stóð fyrir opnu stjórnendanámskeiði 7. mars 2014 sem bar heitið **Leiðtogafærni – leiðin til árangurs**. Ragnheiður Aradóttir, markþjálfari og Carnegie-stjórnendapjálfi, sá um námskeiðið sem 44 stjórnendur af Suðvesturhorni sóttu. Allir deildarstjórar í Garðaseli sátu námskeiðið, sem stóð í einn dag. Námskeiðið var hluti af fjáröflun fyrir námsferðina til Minneapolis.



3.5 Önnur endurmenntun starfsfólks

- **Hí B.ed nám** – Ingunn Sveinsdóttir og Guðlaug Sverrisdóttir stunda nám með vinnu
- **HÍ – leikskólakennarafræði** – Lára Dóra Valdimarsdóttir er í fullu námi með vinnu (1.ár)
- **Uppeldi til ábyrgðar** – Guðrún Sigvaldadóttir og Guðlaug Sverrisdóttir – námskeið 12. - 13. ágúst í Álftanesskóla. Fyrirlesarar Guðlaug Erla Gunnarsdóttir og Erla Karlsdóttir
- **Hæfnimiðað námsmat, lærum hvert af öðru** – Ingunn Ríkharðsdóttir – útsending í Tónbergi 30. ágúst 2013 frá fræðslufundi í Flensborgarskóla
- **Comeniusarsamstarf- fræðsla um uppbyggingu og skyldur** – Ingunn Ríkharðsdóttir og Erna Haraldsdóttir Endurmenntun HÍ 2. september
- **Ipad í leikskólakennslu** – Erna Haraldsdóttir, Guðbjörg Gísladóttir og Ragnheiður Dagný Ragnarsdóttir - 26. september og 13. nóvember - Tölvumiðstöð fatlaðra
- **TMT** – Guðbjörg Þórisdóttir - Sigrún Grendal Greiningarstöð– október Greiningarstöð
- **Stjórnendanámskeið HR fjórar lotur / átta dagar**– Ingunn Ríkharðsdóttir.
 - 26. og 27. september Forysta til framtíðar og Árangursrík samskipti
 - 24. og 25. október Samningatækni og Breytingastjórnun
 - 30 og 31. janúar Verkefnastjórnun og Stefnumiðuð mannauðsstjórnun
 - 27. og 28. febrúar Samtalstækni, Frammistöðumat og Framsögn
- **Notkun Ipad í leikskóla** - Tölvumiðstöð fatlaðra – Guðbjörg Þórisdóttir og Ragnhildur Jónsdóttir
- **Barnasáttmálinn – kynning** – Ingunn Ríkharðsdóttir – Þorpið 12. mars
- **TRAS** – 10. apríl og 7. maí – Borgarnes – Ingunn Sveinsdóttir, Ragnheiður Dagný Ragnarsdóttir, Ásta Benediktsdóttir og Hafrún Jóhannesdóttir.

Ingunn Ríkharðsdóttir, leikskólastjóri, kynnti skólanámskrá Garðasels og vinnuferlið í þeirri vinnu á þingi FI og FSL á Selfossi 4. október 2013

4. Innra starf leikskólans

4.1 Uppeldisstefna, áherslur og markmið

Einkunnarorð Garðasels eru **Lífið er leikur** og með því er lögð áhersla á að barnsæskan á að vera ævintýri sem skemmtilegt er að taka þátt í. Lögð er áhersla á leikinn í allri sinni mynd og hann settur í öndvegi, því leikurinn felur í sér nám.

Í Garðaseli er lögð áhersla á að börnin

- séu lífsglöð og þeim líði vel
- hafi trú á eigin getu
- beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu
- séu sjálfstæð, tillitssöm, skapandi og sjálförugg í lok leikskólagöngu sinnar

Yfirmarkmið leikskólans er að búa börnum og starfsfólki öruggt og þroskandi umhverfi sem býður upp á fjölbreytni í leik og starfi með hlýju, virðingu og samkennd að leiðarljósi.



Starf leikskólans byggir á

- Aðalnámskrá leikskóla
- námskrá leikskólans
- deildarnámskrám
- mánaðarlegum námsáætlunum deilda
- áætlunum hópstjóra
- skóladagatali



Megináherslan er að koma til móts við þarfir

allra barna í leikskólanum og hver og einn sé metinn að eigin verðleikum. Í barnahópnum er eðlilega getubreidd en fjölbreyttir starfshættir eiga að taka mið af þeirri breidd. Í Garðaseli eru fötluð og ófötluð börn saman í daglegu lífi og leik.

Garðasel er heilsuleikskóli og vinnur eftir heilsustefnu þar sem markmiðið er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á hreyfingu og holla næringu, gæði í samskiptum og listsköpun í leik og starfi. Vellíðan starfsmanna er einnig mikilvægur þáttur í starfi skólans. Leiðir skólans til að nálgast þessar áherslur eru í gegnum hreyfingu, heilbrigði og hollt mataræði, skapandi starf en ekki síst með gæðum í samskiptum, sem oft er mikilvægur þáttur í góðri heilsu og vellíðan barna og fullorðinna.

Leikskólinn er í samtökum heilsuleikskóla og tekur þátt í að efla heilsustefnuna innan leikskólasamfélagsins. Skólastjórnendur Garðasels tóku að sér að sjá um uppfærslu á nýrri heimasíðu Heilsustefnunnar og Samtaka heilsuleikskóla.



Hreyfing

Markmið Garðasels í hreyfingu eru

- að börnin njóti þeirrar gleði sem hreyfingin veitir
- að a efla alhliða þroska þeirra
- að auka úthald, einbeitingu og styrk þeirra

Yngri börnin á Lóni fóru einu sinni í viku í **hreyfistundir** á Skála þar sem settar voru upp stöðvar/brautir. Skipulagið / áherslur tók mið af einum mánuð í senn. Víkin og Holtið fóru í íþróttatíma í íþróttamiðstöðina að Jaðarsbökkum alla föstudaga og voru tímarnir í umsjón kennara deildanna.

Í dagskipulagi átti einn hópur á hverri deild **útvist í hópstarfi** á morgnana og líka eftir hádegi þar sem hópstjóri skipulagði ýmisskonar hreyfingu eða börnin voru í frjálsum leik. Þá valdi hópur barna út í valstundum fyrir og eftir hádegi. Þetta skipulag fjölgaði útvistarstundum barnanna og kynntust þau alls konar veðráttu þar sem veður kom sjaldnast í veg fyrir að þau færu út. Þá var skipulögð hreyfing einnig hluti af hópstarfi.

Eitt af markmiðum **útináms / útikennslu** er að gefa börnunum kost á að hreyfa sig í fjölbreyttu og krefjandi umhverfi (klifra í klettum, ganga í sandi, möl, móum, ójöfnum.....). Þá eykur gangan á áfangastað þol og úthald barnanna.



Tvö **heilsuskokk** voru á skólaárinu ; í september og maí (á alþjóðadegi hreyfingar).

Danskennsla er hluti hreyfingar í leikskólanum. Starfsfólk deilda sér um danskennsluna og samráð milli deilda um hvaða dansar skulu kenndir. Þetta skólaár fannst starfsfólki vanta meiri dans í leikskólann, m.a. að fá einhvern til að halda utan um hana og verður það skoðað frekar.

Íþróttadagar voru 10. -14. júní þar sem börnin fengu að kynna sem flestum íþróttagreinum. Boðið var upp á dans, keilu, fótbolta, körfubolta, frjálsar íþróttir, golf og þrautabraut (klemmuhlaup, vinaboðhlaup, sippa/snú-snú, stultur, jafnvægisþrautir, hjólabraut með keilum, myndalottó, kastþrautir og klifur).

Elstu börnin á Vík fóru á **sundnámskeið vikuna 12.-19 júní** og sá Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, sundþjálfari, um það. Leikskólinn greiðir námskeiðið og er það hluti af fjölbreyttri hreyfingu barna í Garðaseli. Þetta er sjötta skólaárið sem elstu börnin fá sundnámskeið á vegum leikskólans.

Holl næring

Markmið Garðasels er að

- bjóða upp á hollan einfaldan heimilismat
- auka grænmetis – og ávaxtaneyslu barna
- kenna börnunum að vatn er góður valkostur

Matseðilinn samanstendur af einföldum og lítið unnum mat þar sem salti, sykri og óhollri fitu er haldið í lágmarki. Hollt og næringarríkt fæði stuðlar að almennri vellíðan og er forsenda fyrir því að einstaklingur geti þroskast og notið þeirra hæfileika sem hann býr yfir. Barn sem lærir að meta hollan og næringarríkan mat í æsku er líklegur til að temja sér góðar venjur síðar á lífsleiðinni.

Fylgst er náið með matarvenjum yngri barnanna með skráningu um hvernig þau borða. Skráð er eftir hvern matartíma hvernig barnið borðaði og geta foreldrar fylgst með hvernig matarlystin er hverju sinni.



Gæði í samskiptum / lífsleikni

Markmið Garðasels eru að börn og starfsfólk

- séu lífsglöð og þeim líði vel
- tileinki sér jákvæðni, umburðarlyndi og gleði gagnvart öðrum
- verði fær um að takast á við nýjar aðstæður af vísýni og jákvæðni

Í desember var verkefnið “ Að hjálpa öðrum” . Það fólst í því að safna plastflöskum og koma með í leikskólann, fara með flöskurnar í endurvinnsluna og þetta skólaár var ákveðið að styrkja söfnun Rauða Krossins vegna hamfaranna á Filippseyjum. Hópur af nemendum fór á skrifstofu RÍ á Akranesi og afhenti styrkinn og fékk góðar og hlýjar móttökur þar.




4.1.1 Sérækar áherslur á skólaárinu

Ný aðalnámskrá og innleiðing hennar – áfram var unnið með innleiðingu nýrrar aðalnámskrár og nýrrar skólanámskrár sem lokið var við í september 2013. Námskráin var gefin út í rafrænu formi en prentuð eintök afhent Fjölskylduráði og framkvæmdarstjóra Fjölskyldusviðs. Fulltrúar í foreldraráði lásu skólanámskrána yfir áður en hún var gefin út. Deildarnámskrár voru endurunnar með hliðsjón af nýrri skólanámskrá.

Uppeldi til ábyrgðar –innleiðing á Uppeldi til ábyrgðar hélt áfram og unnið með hugtök, þarfir og orðræðuna. Tákmyndir þarfanna settar upp á Skála þar sem þær eru sýnilegar starfsfólki og börnum, unnið með misjafnar þarfir barna og starfsfólks og starfshætti tengda uppeldisstefnunni.

Námsferð starfsfólks til Minneapolis í maí 2014 var mikilvægur hlekkur þar sem leiðtogar stefnunnar, Diane og Judy, voru fyrirlesarar.

Comeniusarsamstarf - leikskólinn fékk styrk úr Menntaáætlun ESB vegna umsóknar um Comeniusarverkefnið **My school is a goldmine**, sem er tveggja ára verkefni. Að verkefninu koma 7 skólar og koma samstarfsskólarnir frá Frakklandi (leiðtogaskóli), Þýskalandi, Spáni, Kýpur, Póllandi og Rúmeníu. Verkefnið snýst um hefðir og siði landanna og fjölbreytt verkefni eru unnin tengd áherslum verkefnisins.



í öllum skólunum og send á milli, ýmist í pósti eða rafrænt. Verkefnið á heimasíðu þar sem öll verkefni fara inn og starfsáætlun er sýnileg þar. Vinnufundir voru haldnir á Kýpur í desember (Garðasel fór ekki vegna dagsetningar), Þýskalandi í febrúar og í Póllandi í maí. Starfsfólki var gefinn kostur á að sækja um þátttöku í ferðunum og fóru fimm starfsmenn í þessar ferðir.

Skýrslu um verkefnið var skilað til Landskrifstofunnar í júní 2014 en verkefninu lýkur í júní 2015. Vefslóð verkefnisins er <http://comenius2015.blogspot.com/> og þá er Garðasel einnig með Facebook- síðu fyrir verkefnið <https://www.facebook.com/ingunnrik?fref=ts> .

4.1.2 Önnur viðfangsefni

Stig af stig er lífsleiknínámsefni og var unnið með það á Vík. Börnin fóru einu sinni í viku í Stig af stigi og fóru í gegnum námsefnið. Stig af stigi á að auka næmni barnanna á reglur í samskiptum, leiðir til úrlausna vandamála og uppákoma og auki samheldni hópsins.

Brúum bilið er samstarfsverkefni leik- og grunnskóla þar sem markmiðin eru m.a. að tengja skólastigin saman, skapa samfellu í námi og kennslu barna á þessum tveimur skólastigum og ekki síst að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara út leikskóla í grunnskóla. Öll börn fara í skólastjóraheimsóknir í báða grunnskólana en síðan fara börnin í heimsóknir í þann skóla sem verður heimaskóli þeirra. Vorskólinn í Grundaskóla var dagana 1. -4. apríl og í Brekkubæjarskóla 8. -11. apríl. Á þessu skólaári fóru börn í Brekkubæjarskóla úr elsta árgangi og eitt barn fór ári fyrr í Grundaskóla og var fjallað um þá beiðni samkvæmt verklagsreglum.

Könnunarleikurinn er á Lóni með yngstu börnunum en hann felur í sér sjálfsprottinn leik með verðlaust efni

Könnuaraðferðin var notuð í verkefnum á Holti og á Vík og en aðferðin byggir á að þekking og áhugi barnanna leiða verkefnið áfram og niðurstaðan sé ekki fyrirfram ákveðin.



4.2 Gæðamat, framkvæmd og niðurstöður

Leikskólinn vann áætlun um endurmat á skólstarfi 2013 -2014 þar sem tekið var fram með hvaða hætti meta skyldi skólstarfið, hverjir kæmu að því og hver bæri ábyrgð á því.

Áætlunin er með í fylgiskjöllum ársskýrslunnar ásamt niðurstöðum þeirra kannana sem gerðar meðal foreldra.

Sérkennslustjóri lagði Hljóm-2 fyrir hóp barna en þetta er staðlað próf sem nær til ákveðins aldurs. Þau börn sem koma út með frekar slaka eða slaka færni fara í sérstakt „málörvunarátak“ og síðan eru börnin prófuð aftur til að kanna hver staða þeirra er eftir þessa vinnu. Ef lítil eða engin framför verður þá er leitað eftir frekari sérfræðiaðstoð.

Sérkennslustjóri gerði **líðankönnun með elstu börnunum** og um leið vinatengslakönnun þar sem samskipti innan hópsins voru könnuð en mikilvægt er að hafa góða sýn á þennan þátt.

Deildarfundir, starfsmannafundir, stjórnendafundir og starfsdagar hafa verið notaðir til að meta starfið og samræma starfshætti.

Foreldraviðtöl voru tvö á skólaárinu ; í október og síðan í mars / apríl. Skráð er í heilsubók barnanna og þroski þeirra og færni metin samkvæmt sérstökum skráningarblöðum. Þessi skráning og samræður við foreldra gefa báðum aðilum góða mynd af stöðu barnsins.

Starfsmannaviðtöl fóru fram í mars og apríl. Ákveðið var að leggja aðeins til hliðar það form sem hefur verið notað síðustu ár og var stuðst við nýtt samtalið. Samtalið var skipt upp í fimm þætti sem voru : starfið, starfsánægja og vinnustaðurinn, eigin frammistaða og sjálfsmat, starfsþróun (símenntun, verkefni, áskorun) og síðan annað sem starfsmaður eða stjórnandi vildi taka fram.

Deildarstjórássamtöl fóru fram í desember – janúar en þá hittu deildarstjórar starfsfólk deilda og ræddu saman um frammistöðu, líðan starfsfólks, samvinnu, skipulag á deild ásamt öðrum þeim þáttum sem upp komu.

Foreldrakönnun á Lóni var gerð í október til að kanna ánægju foreldra með aðlögun barna sinna í leikskólann. Niðurstöður í könnuninni var mjög góð og athugasemdir sem komu fram nýtast í skipulagningu næsta skólaárs.

Könnun meðal foreldra elstu barna á Vík var gerð ekki í júní.

Könnun vegna kynningafunda deilda - var gerð meðal allra foreldra til að kanna ánægju þeirra með kynningarfundum deilda að hausti sem aftur voru teknir upp eftir að meirihluti foreldra hafði í könnun lagt til að slíkir fundir yrðu teknir upp aftur.

Garðasel Stofnun ársins 2014 – borg og bær

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar valdi „Stofnun ársins – Borg og Bær“ í þriðja sinn og tóku starfsmenn sem eru félagsmenn í STAK þátt í könnuninni. Garðasel hlaut mjög góða einkunn í valinu í flokki minni stofnana (50 eða færri) og varð skólinn í 2. sæti og titillill Fyrirmyndarstofnun borg og bær 2014.

Skólanámskrá

Allt skólaárið var verið að endurmeta starfið, starfshætti, innihald náms og leiðir og var það hluti af innleiðingu nýrrar aðalnámskrár og endurskoðunar á skólanámskrá Garðasels. Lögð var áhersla á að hafa alla starfsmenn með sem oftast, gera vinnuna sýnilega og aðgengilega fyrir öllum en leikskólastjóri tók að sér að ljúka við frágang og uppsetningu skólanámskrár og hadla utan um öll vinnugögn.



4.3 Foreldrasamstarf, eðli þess og umfang

4.3.1 Áherslur og markmið

Leiðarljósin í foreldrasamstarfi eru traust, samvinna og jákvæðni og lögð er áhersla á að foreldrar og starfsfólk leikskólans mætist á þeim forsendum. Það er góður farvegur fyrir öll mál sem snerta velferð barna.

Upplýsingar til foreldra eru í daglegum samskiptum í leikskólanum, upplýsingar eru á skilaboðatöflu í forstofu deildar, á heimasíðu og eru einnig sendar í tölvupósti.

Fréttabréf fá foreldrar sent heim í tölvupósti en geta einnig nálgast það á heimasíðu skólans.

Foreldrar eru velkomnir í leikskólann og þeir eru hvattir til að taka þátt í leikskólastarfinu eins og kostur er. Má þar nefna foreldrafélagið, foreldraráðið, foreldrafundir, foreldraskemmtanir, foreldrakaffi, sumarhátíð og sumarkaffi. Þá býður leikskólinn mömmum og ömmum í morgunkaffi í tilefni Konudagsins og pöbbum og öfum á Bóndadaginn.

Jólaskemmtun var á hverri deild, þar sem foreldrar, börn og starfsfólk dönsuðu saman í kringum jólatréð og fengu sér síðan aðventukaffi saman, heitt súkkulaði og smákökur. Mjög góð þátttaka var í þessum skemmtilega viðburði.

4.3.2 Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi og það skipa 4 foreldrar. Ekki hefur verið skipaður formaður þar sem starfsáætlun er gerð fyrir hvert skólaár og verkefnum skipt niður á fulltrúa. Starfsáætlunin er í föstum skorðum og er gerð í október ár hvert. Foreldrafélag fær allar nauðsynlegar upplýsingar með tölvupósti / fréttabréfi og samskipti fara mikið fram þannig en ef nauðsyn er, er boðaður fundur. Fundargerðir eru settar á heimasíðu skólans og einnig í tölvupósti til foreldra til frekari upplýsinga. Fundir voru fjórir á skólaárinu.

Aðstoðarleikskólastjóri boðar og situr fundi og eru tengiliðir milli fulltrúanna.

Í foreldrafélagi 2013- 2014 sátu : Arna Magnúsdóttir, Ragnar Fjalar Þrastarson og Guðný Elíasdóttir.

4.3.3 Foreldráð

Foreldraráð var skipað að hausti og í ráðinu sátu þrjár foreldrar sem allir gáfu kost á sér eftir að leitað hafði verið eftir áhugasömum foreldrum til starfa. Foreldraráðið fjallar um ýmis málefni leikskólans, s.s. skóladagatal, námskrár og aðrar ákvarðanir er varða skólastarfið. Fundað var þrisvar á skólaárinu og fundargerðir birtar á heimasíðu leikskólans og sendar foreldrum í tölvupósti. Leikskólastjóri sá um að boða fundi en foreldraráðið sjálft getur hvenær sem er óskað eftir fundi / fundum.

Í foreldraráði 2013 -2014 sátu : Svala Ýr Smáradóttir Dagbjörg Guðmundsdóttir og Lilja Gunnarsdóttir



4.3.4 Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl voru tvö á skólaárinu fyrir hvert barn, það fyrra í október-nóvember og hið síðara í mars - apríl. Í fyrra viðtalinu var lögð áhersla á líðan barnsins og hvernig aðlögun nýrra barna og annarra milli deilda gekk. Skráð er í heilsubók barnsins í október og þær niðurstöður hafðar með í viðtalið. Í síðara viðtalinu í apríl voru skráningar í heilsubók hafðar til hliðsjónar þar sem ítarlega er farið yfir þroska og getu barnanna.

4.3.5 Foreldrafundir, foreldrafræðsla

Kynningarfundur með nýjum foreldrum var 3. júní 2013. Foreldrum voru kynntar áherslur í starfi skólans og fengu afhent öll gögn varðandi inntöku (dagsetning fyrsta dags, skólanámskrá, kynningarrit og ýmis eyðublöð til útfyllingar t.d. fyrsta viðtal, samning vegna heilsubókar). Gengið var með foreldrum um skólann og síðan boðið upp á kaffiveitingar. Mjög góð mæting var og almenn ánægja með þetta form .

Kynningarfundur með foreldrum að hausti voru haldnir í september / október og var það gert eftir að hugur foreldra til slíkra funda var kannaður. Deildarnámskrár voru lagðar fram og áherslur deilda kynntar.

4.3.6 Upplýsingar til foreldra

12 fréttabréf voru gefin út á tímabilinu og send til foreldra í tölvupósti og sett á heimasíðu.

Heimasíða skólans er öflugur upplýsingamiðill en þar eru að finna allar helstu upplýsingar um starfið og mikið af aðgengilegum upplýsingum í prentformi sem foreldrar geta nálgast.

Tölvupóstur var mikið notaður á þessu skólaári og fengu foreldrar fréttabréf, námsáætlanir, tilkynningar og annað fróðlegt til sín í netpósti.



Á **upplýsingatöflu** í forstofum deilda eru skráðar jafnóðum allar helstu upplýsingar til foreldra og þar eru líka dagatöl mánaðarins og matseðill.

Í forstofum deilda **skrá hópstjórar viðfangsefni hópstarfs** foreldrum til upplýsinga.

4.3.7 Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu

Foreldrafélagið er mjög virkt og áhugasamt og hefur lagt starfinu í leikskólanum lið á margvíslegan hátt á liðnu ári með því að

- buðu börnunum á leiksýninguna Siggú og skessunar í jólaskapi í desember
- sáu um sumarkaffi 24. apríl 2014
- greiddu móttökugjaldið í lambaferð ásamt hluta af kostnaði rútu
- greiddu matinn og hluta af rútukostnaði í útskriftarferð elstu barna ásamt því að leggja til útskriftartertu á lokahátíðinni þeirra
- gaf barnaboli merktu leikskólanum til að nota við ákveðin tækifæri

Það er leikskólanum mikilvægt að hafa slíkan bakhjarl sem foreldrafélagið er og óhætt að færa foreldrum kærar þakkir fyrir þeirra framlag til barnanna og leikskólans.

4.4 Samstarf

4.4.1 Samstarf leikskólastjóra

Mikið og gott samstarf er á milli leikskólastjóra á Akranesi og er það að skila miklu í samvinnu skólanna. Leikskólastjórar funduðu einu sinni í mánuði ásamt aðstoðarleikskólastjórum og þar voru málefni leikskóla rædd, starfsmannamál og innra starf.

4.4.2 Samstarf sérkennslustjóra

Sérkennslustjórar hittust að jafnaði einu sinni í mánuði og þar voru málefni sérkennslunnar rædd, kennslugögn, starfshættir og aðrar nálganir skoðaðar.

4.4.3 Samstarf við háskóla – heimaskóli HÍ

Einn verknámsnemi frá HÍ var í Garðaseli á vorönn en það var Bryndís Matthíasdóttir og æfingakennari hennar var Guðríður Sigurjónsdóttir leikskólakennari.

4.4.4 Samstarf við rekstraraðila

Samstarf við Fjölskyldustofu er mest þar sem það er tengiliður leikskólans við rekstraraðila. Samráðsfundur leikskólastjóra og framkvæmdarstjóra / verkefnastjóra voru að jafnaði einu sinni í mánuði þar sem málefni leikskólanna voru rædd. Góð og fagleg samskipti einkenndu samstarf þessara aðila. Samstarf var einnig mikið við Tæknideild og umsjónarmann Eignasjóðs ásamt bókhaldssviði og launadeild Akraneskaupstaðar.

4.4.5 Samstarf við heilsugæslu

Heilsugæslan kom í leikskólann og þar fóru fram 4 1/2 árs skoðanir leikskólabarna. Ragnheiður Helgadóttir, hjúkrunarfræðingur á heilsugæslustöðinni, sér um skoðanirnar í Garðaseli. Þetta fyrirkomulag hefur að skila góðum árangri og börnin njóta þess að vera í umhverfi sem þau þekkja.

4.4.6 Samstarf við sérfræðiaðila

Sigurveig Sigurðardóttur, sálfræðingur, er í senn ráðgjafaraðili fyrir leikskólann og foreldra ásamt því að leggja fyrir greiningar- og þroskapróf fyrir börn.

Aðrir samstarfsaðilar voru

- Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins
- Samstarfsaðilar þar voru nokkrir, m.a. Marrit Meintema sjúkráþjálfari, Björk Steingrímsdóttir iðjuþjálfari, Sigrún Grendal talmeinafræðingur og Una Narfadóttir, leikskólasérkennari
- ♦ Bergrós Ólafsdóttir, talmeinafræðingur,
- ♦ Sigríður Gísladóttir, iðjuþjálfari SHA
- ♦ Elísabet S Kristjánsdóttir, sjúkráþjálfari



4.4.7 Samstarf við aðra

- ♦ Aðrir leikskólar á Akranesi (skólastjórar, sérkennslustjórar, deildarstjórar, heimsóknir)
- ♦ Samstök heilsuleikskóla og aðrir heilsuleikskólar
- ♦ Grundaskóli og Brekkubæjarskóli - Brúum bilið og fleiri viðburðir
- ♦ Héraðsbókasafnið – heimsóknir með reglulegu millibili yfir árið
- ♦ Íþróttahús að Jaðarsbökkum – íþróttatímar og sundkennsla
- ♦ Byggðasafnið að Görðum – heimsóknir og móttaka
- ♦ Lögregla
- ♦ Slökkvilið

4.4.8 Móttaka gesta í Garðaseli

Á starfsárinu voru móttökur þar sem starfsfólk skóla kom í heimsókn til að skoða skólann , fræðast um starfið og skipulag þess

- 6.sept – 10 starfsmenn frá leikskólanum Urðarhóli Kópavogi (Uppeldi til ábyrgðar)
- 4. okt – starfsfólk Andabæjar Hvanneyri (heilsustefnan)
- 3. mars – 10 starfsmenn frá leikskólanum Rauðhóli (Uppeldi til ábyrgðar)
- 2. maí - 8 starfsmenn frá Lágafellsskóla (Brúum bilið)
- 13. maí – skólastjórnendur sameinaðs leikskóla Fjarðarbyggðar (skipulag, starfshættir)



4.5 Starfið síðastliðið ár

4.5.1 Starfsáætlun, skóladagatal

Starfsáætlun var gerð og byggði hún að hluta á skóladagatali en síðan á þeim ramma, sem rekstri og starfi skólans var settur varðandi starfsmannahald og fjárhagsáætlun. Starfsáætlun er á heimasíðu skólans í prentvænni útgáfu.

4.5.2 Þróunar- og nýbreytnistarf

Samvinna um árgang 2009 – börn fædd 2009 skiptast á tvær eldri deildir, Holt og Vík. Á skólaárinu var unnið með árganginn saman á milli deilda og hópstarfstímar þeirra eru samræmdir. Unnið var með sömu viðfangsefni og hópstjórar sáu um að skipuleggja áherslur og viðfangsefni. Markmið þessa samvinnuverkefnis var að tryggja að börn á sama aldri fáist við sömu verkefni og vinni saman í hópi jafnaldra.

Uppeldi til ábyrgðar –áframhaldandi innleiðing á Uppeldi til ábyrgðar í starfsmannahópnum og vinna með hugtök, þarfir og orðræðuna / setningar.

Foreldrafræðsla um Uppeldi til ábyrgðar og hvernig uppbyggingarstefnan birtist í skólastarfinu og heima. Markmiðið með þessari fræðslu var að upplýsa foreldra um uppbyggingarstefnuna, hvaða hún inniber og hvernig hún getur nýst okkur til að efla sjálfsaga og sjálfsþekkingu okkar sjálfra og barnanna. Fræðslan var í formi upplýsingabæklings og kynningar á foreldrafundi í september



Comeniusarverkefnið My school is a goldmine - leikskólinn er í tveggja ára samstarfsverkefni við 6 skóla í Evrópu (Þýskaland, Spánn, Frakkland, Pólland, Kýpur og Rúmenia). Verkefnið er um menningu og siði landanna en einnig um starfshætti, innihald náms og ýmislegt sem við kemur skólastarfi.

4.5.3 Ferðir, menningarviðburðir, sýningar

Ýmislegt skemmtilegt var gert þetta skólaárið og var þetta það helsta:

- **22 ára afmæli leikskólans** var 1. september og því var fagnað með viðeigandi hætti
- **Heilsuskokkin** voru 6. september og 10. maí
- **Umferðardagar** voru í október og maí
- **Foreldraskemmtun** var 15. nóvember í tilefni af Degi Íslenskrar tungu 16. nóvember
- **Bangsadagur** var 27. október í tilefni alþjóðlega bangsadaeginum
- **Það sem auga mitt sér** – ljósmyndasýning elstu barnanna á Vökudögum. Sýningin var sett upp á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða og opnuð formlega með íbúum og Víkinni
- **Rauður dagur** var 12. desember og **Litlu-jólin** voruhaldin sama dag. Gengið var í kringum jólatréð og jólalögin sungin. Börnin skemmtu hvert öðru með atriðum sem þau höfðu æft og jólasveinar úr Grundaskóla kíktu í heimsókn með mandarínur í poka
- **Leiksýningin Sigga og Skessan í jólaskapi** var 6. desember í boði foreldrafélagsins.
- **Jólatónleikar 2009 og 2009 árganga í Tónbergi fimmtudaginn 12. desember** - Samúel Þorsteinsson, tónmenntakennari, hafði umsjón með tónleikunum og naut aðstoðar kennara Víkur og Holts. Fimm eldri nemendur grunnskólanna voru börnunum til aðstoðar með hljóðfærleik og söng
- **Sunddagar** var 2.nóvember og 8. mars en þá gátu börn, foreldrar og systkini komið upphitaða Bjarnalaug, leikið sér og æft sundtökin.
- **Bóndadagskaffi** var 24. janúar og **konudagskaffi** var 21. febrúar og mömmum /ömmum og pöbbum / öfum boðið í morgunkaffi. Markmiðið með þessum dögum er að halda í gamlar hefðir og minnst tilefni þessara daga
- **Rafmagnslaus dagur/ ljósdagur** var 17. janúar. Í leikskólanum var slökkt á ljósum tímabundið, börnin komu með vasaljós með sér og kveikt var á luktum.
- **Þorrablótið** var 28. janúar

- **Dagur leikskólans 6. febrúar** –söngstund með börnum og foreldrum / fjölskyldum
- **Náttfatadagur** var á öskudaginn 5. mars með sameiginlegri skemmtun á Skála
- **Kaffihús á Skála** var 20 .mars
- **Sumarkaffi** foreldrafélagsins var 24. apríl kl: 14.00 –16.00 (sumardagurinn fyrsti)

- **Dagur umhverfisins** var 25. apríl og föstudaginn 26. apríl fóru allir út og hreinsuðu nánasta umhverfiskólans
- **Árgangamót leikskólanna** var 29.apríl . Börn fædd 2009 komu í Garðasel
- **Lambaferðin** var 20. maí frá kl: 8.30 -14.00. Ferðin tókst sérlega vel eins og alltaf enda móttökur heimilisfólks frábæra. Allir nema elstu börnin fóru í sveitaferðina
- **Útskriftarferð í Skorradal** var farin 15.-16. maí og gist í eina nótt
- **Útskriftarhátíð elstu barna** var 22. maí kl: 15.00-17.00
- **Íþróttavikan** var 10.-13. júní. Settar voru upp stöðvar með fótbolta, keilu, dansi, körfubolta, þrautir, frjálsar í leikskólanum og á lóð. Elstu börnin fóru í golfkennslu á golfvöllinn og tók Einar Lyng, golfkennari, á móti þeim og þau fengu að slá teighögg og pútta
- **Grillhátíð** foreldrafélagsins var 6. júní og fjölmenntu foreldrar og fjölskyldur barnanna
- Sundnámskeið elstu barna var 12. -19. júní í Jaðarsbakkalaug og sá Hildur Karenar Aðalsteinsdóttir, sundþjálfari, um námskeiðið sem var á vegum leikskólans

4.6 Öryggismál leikskólans

Í leikskólanum er skilgreind viðbragðsáætlun vegna slysa sem gætu orðið, s.s. tilkynningar til foreldra ,slysaskráning, heimsóknir á slysavarðstofu, útkall sjúkrabíls. Starfsmenn fá reglulega þjálfun í Hjálp í viðlögum þar sem kennd eru viðbrögð við algengustu slysum og var námskeið haldið á skólaárinu.



Rýmingar- og brunavarnaráætlun er til fyrir allan skólann og er skipulagið sýnilegt öllum starfsmönnum s.s. á deildum og í eldhúsi og hver starfsmaður á að þekkja hlutverk sitt vel svo rétt sé brugðist við.

Húsnæði, húsbúnaður og leiktæki úti og inni eru samkvæmt reglugerðum heilbrigðiseftirlits og öryggisreglna. Heilbrigðisfulltrúi tekur út öryggismál skólans einu sinni á ári og vottar að allt sé í lagi eða gerir athugasemdir við það sem þarf að laga.

5. Lokaorð

Farsælu skólaári er lokið og óhætt að segja að viðfangsefni og áskorarnir hafi verið margar og fjölbreyttar sem starfsfólk skólans hefur tekist á við af fagmennsku og áhuga. Faglegt starf og öflugur starfsmannahópur heldur áfram að varða leið Garðasels í skólasamfélaginu og viðheldur jákvæðu orðspori skólans.

Vinna við nýja skólanámskrá og innleiðingu lauk í maí 2013 með virkri þátttöku allra starfsmanna og var ný námskrá gefin út í september 2013. Innleiðingu er lokið en reglubundið endurmat mun halda námskránni lifandi. Námskráin og vinnan við hana hefur verið kynnt víða, m.a. á haustþingi leikskóla á Suðurlandi.

Comeniusarsamstarfið hefur tekið drjúgan tíma en verið um leið skemmtilegt og fróðlegt. Við höfum kynnst menningu og skólastarfi annarra landa og eignast vini í sex löndum sem er ómetanlegt. Verkefnið gefur góð tækifæri í að kynna skólastarfið okkar og áherslur fyrir kennurum í Evrópu og frábært tækifæri fyrir nemendur okkar að vinna með öðrum að þessu verkefni.

Garðasel varð í 2. sæti í vinnustaðakönnun ST.RV í hópi minni stofnana (5- 49) og um leið viðurkenningu sem Fyrirmyndarstofnun - borg og bær 2014. Það eru leiðbeinendur sem gefa skólanum þessa einkunn og ánægjulegt að vita að þeir líti stofnun sína svo jákvæðum augum. Skólinn er ávallt stoltur af slíkum viðurkenningu sem veita næringu og innblástur í skólastarfið.

Foreldrahópurinn er hluti af skólasamfélagi Garðasels og þar er öflugur samstarfsaðili okkar sem tekur þátt í að móta skólamenninguna og endurmeta starfið um leið og virk þátttaka foreldra eykur fjölbreytileika skólastarfsins. Ánægðir foreldrar eru dýrmætur vitnisburður og mikilvægt að hlusta á raddir foreldrar hverju sinni.

12. desember 2014

Ingunn Ríkharðsdóttir leikskólastjóri



Glaðir vinir

Fylgiskjöl með ársskýrslu 2013 -2014

- Skóladagatal
- Áætlun um mat á skólastarfi
- Niðurstöður könnunar vegna aðlögunar á Lóni í ágúst
- Niðurstöður könnunar vegna kynningarfundar deilda í september
- Stofnun ársins 2014- borg og bær / einkunnir skólans miðað við aðrar stofnanir í sama flokk



Skóladagatal 2013 -2014

Ágúst

7. – 24. ágúst	Aðlögun nýrra barna
27. ágúst	Starfsmannafundur 17.00-19.00

September

1. sept	22. ára afmæli leikskólans. Búningadagur mánudaginn 3. sept
6. sept	Heilsuskokk kl: 10.30
10.-12. sept	Tannverndardagar
23.sept	Skipulagsdagur leikskólinn opinn - tilfærsla fram í maí v/námsferðar

Október

1.- 4. okt	Umferðardagar. Gangbrautir, umferðarljós og endurskin
21.okt	Skipulagsdagur. Leikskólinn lokaður
28. okt – 31. okt	Foreldraviðtöl á öllum deildum
30.okt-9.nóv	Vökudagar. Ljósmyndasýning elstu barna „ Það sem auga mitt sér „ Sýningin sett upp á Höfða

Nóvember

2. nóv	Sunddagur í Bjarnalaug kl: 13.00 -14.30
4.-8. nóv	Foreldraviðtöl allar deildir
5. nóv	Starfsmannafundur 17.00-19.00
16. nóv	Dagur íslenskrar tungu. Foreldraskemmtun Vík og Holt föstudag 15. Nóv

Desember

2. des	Aðventustund á Skála fyrir allar deildir – umsjón Vík
9. des	Aðventustund á Skála fyrir allar deildir - umsjón Holt
12. des	Rauður dagur og Litlu jólin – Jólaturinn í hádeginu
16. des	Aðventustund á Skála fyrir allar deildir – umsjón Lón
17. des	Jólaskemmtun á Vík með foreldrum/fjölskyldum kl: 14.30 – aðventukaffi á eftir
18. des	Jólaskemmtun á Holti með foreldrum/ fjölskyldum kl. 14.30 – aðventukaffi á eftir
19. des	Jólaskemmtun á Lóni með foreldrum/fjölskyldum kl: 14.30- aðventukaffi á eftir

Janúar

2. jan	Skipulagsdagur leikskólinn opinn – tilfærsla fram í maí v/ námsferðar
17. jan	Ljósadagur – ljósin slökkt tímabundið yfir daginn, börnin koma með vasaljós
24. jan	Bóndadagskaffi kl: 8.00-9.30 – pabbar, bræður og afar
28. jan	Þorablót

Febrúar

6. feb	Dagur leikskólans – opinn söngstund í leikskólanum fyrir fjölskyldur barnanna
18. feb	Starfsmannafundur kl: 17.00-19.00
21. feb	Konudagskaffi kl: 8.00-9.30 – mömmur, systur og ömmur

Mars

5.mars	Öskudagur, náttfatadagur og skemmtun á Skála
8.mars	Sunddagur í Bjarnalaug kl: 13.00-14.30
18.mars	Starfsmannafundur kl: 17.00-19.00
24. -31. Mars	Foreldraviðtöl á öllum deildum

Apríl

1 - 4. apríl	Vorskóli Grundaskóla
1.-4. Apríl	Foreldraviðtöl á öllum deildum
22. apríl	Skipulagsdagur leikskólinn lokaður
24. apríl	Sumarkaffi foreldrafélagsins kl: 14.00-16.00
29.apríl	Árgangamót leikskólanna


Maí

5. -8. maí	Umferðardagar Hjálmar og hjól, öruggi í umhverfinu, gangbrautir Hjóladagur á bílastæði / eldri börn fara út fyrir leikskólasvæðið
9.maí	Heilsuskokk
14. maí	Starfsmannafundur kl: 17.00-19.00
15. -16. maí	Útskriftarferð elstu barna í Skorradal
20. maí	Lambaferð að Bjarneyjarsandi kl: 9.00 -13.30/14.00 – leggja af stað kl: 8.45
22. maí	Útskrift elstu barna kl: 15.00-17.00
27.-28..maí	Starfsdagar, leikskólinn lokaður (námsferð starfsmanna til Minneapolis)

Júní

2. - 6. júní	Íþróttadagar
5. eða 6. júní	Grill foreldrafélags
10. - 14. júní	Sundnámskeið elstu barna – dagsetning getur eitthvað færst til

Sumarlokun verður 30. júní – 1. ágúst 2014
Opnað þriðjudaginn 5. ágúst
Sumarskólinn verður í Teigaseli sumarið 2014



Áætlun um innra mat 2013-2014

Mánuður	Hverjir	Endurmat	Ábyrgð	Úrvinnsla
September	Vík	Hljóm-2	Sérkennslustjóri	sérkennslustjóri
Október	Lón	Viðhorfskönnun meðal foreldra um aðlögun barna	Leikskólastjóri	Leikskólastjóri
Október	Vík	Könnun meðal elstu barna um líðan og áhugasvið	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri / deildarstjóri
Október-nóvember	Lón, Holt, Vík	Foreldraviðtöl og skráningar í heilsubók	Deildarstjórar / leikskólastjórar	Hópstjórar Deildastjórar
Nóvember	Lón, Holt, Vík	Deildarstjórasmöt - Hitta starfsmenn deilda og fara yfir hvernig gengur, líðan og frammistöðu	Deildarstjórar	Deildarstjórar
Febrúar / mars	Allar deildir	Starfsmannasamtöl -stefnumiðað árangursmat - starfsánægja, líðan, viðhorf	Leikskólastjóri / aðst.leikskólastjóri	Leikskólastjóri / aðst.leikskólastjóri
Mars –april	Allar deildir	Foreldraviðtöl og skráningar í heilsubók	Deildarstjórar / leikskólastjórar	Deildarstjórar
Apríl Könnun ekki gerð	Foreldrar Vík	Viðhorfskönnun um starf elstu barna	Leikskólastjórar / deildastjórar	Leikskólastjóri
Allt árið	Allir starfsmenn Foreldrar	Endurskoðun námskrá -skóla , deilda	Leikskólastóri/ aðst.leikskólastjóri	Leikskólastjóri/


Niðurstöður verða birtar með þessum hætti:

- Foreldrakannanir – á heimasíðu skólans og í tölvupósti til foreldra. Starfsfólk fær kynningu á niðurstöðum
- Starfsmannakannanir – birt innan skólans, í tölvupósti til starfsmanna, á kaffistofu og á starfsmannafundi / deildarstjórarafundi / deildarfundi ef þarf.
- Viðhorf barna –foreldrar og starfsmenn deilda (Vík), starfsmenn skólans Hljóm -2 – sérkennslustjóri fer yfir niðurstöður með foreldrum barna og starfsmönnum deilda eftir því sem við á.

Niðurstöður viðhorfskönnunar á Lóni vegna aðlögunar 2013


Q1 Hver svarar könnuninni ?

Answered: 18 Skipped: 0




Q2 Hversu ánægður varst þú með aðlögun barns þíns í leikskólanum ?

Answered: 18 Skipped: 0




Q3 Leikskólinn var með þátttökuaðlögun en í henni er þátttaka foreldra meiri og allri aðlögun á deildinni lauk á tveimur vikum. Hversu ánægður varst þú með það fyrirkomulag ?

Answered: 18 Skipped: 0



Q4 Hversu sammála ert þú að að tíminn sem ætlaður var til aðlögunar fyrir barn þitt hafi verið hæfilegur ?

Answered: 18 Skipped: 0




Annað sem þú vilt taka fram:

- styttri aðlögunartími hefði dugað mínu barni


Q5 Hversu vel telur þú að þátttökuaðlögunin hafi hentað þínu barni ?

Answered: 18 Skipped: 0



Q6 Hversu sáttur varst þú við móttökur gagnvart þér og barni þínu í aðlögun ?

Answered: 18 Skipped: 0




Annað sem þú vilt taka fram:

- allir starfsmenn tóku vel á móti mínu barni og notalegt að koma aftur í Garðasel
- mjög góðar í alla staði
- mikilvægt að starfsmenn séu merktir með nafni


Q7 Áttir þú kost á að sækja kynningarfund leikskólans fyrir nýja foreldra í júní ?

Answered: 18 Skipped: 0



Q8 Hafir þú átt kost á að sækja fundinn, hversu gagnlegur fannst þér hann vera (innsýn í skólastarfið, skipulag, aðrar hagnýtar upplýsingar....) ?

Answered: 12 Skipped: 6




Annað sem þú vilt taka fram :

- Takk fyrir okkur , ánægð með ykkur
- Bara æðislegt
- gott að fá að sjá hvernig skólastarfið er sem barnið mitt er í.
- Mjög ánægð með allt hingað til, frábært starfsfólk :)
- Allt bara einsog það á að vera

**Könnun meðal foreldra eftir kynningarfundi deilda
September- október 2013**


**Q1 Áttir þú þess kost að sækja kynningarfund sem deild barns þíns
boðaði til ?**

Answered: 45 Skipped: 0




**Q2 Hafir þú átt kost á að sækja fundinn, hversu gagnlegur fannst
þér hann vera (innsýn í skólastarfið, skipulag, aðrar hagnýtar
upplýsingar....) ?**

Answered: 39 Skipped: 6



Q3 Hversu mikilvægur telur þú slíkan kynningarfund deilda vera ?


Answered: 45 Skipped: 0



- gott að fá tækifæri til að ræða saman, virkar öðruvísi en að fá tölvupóst.

Q4 Ef þú mættir velja hvernig koma ætti þessum upplýsingum til skila, hvaða leið myndir þú velja ?

Answered: 45 Skipped: 0



Stofnun ársins 2014 – borg og bær

Starfsmannafélag Reykjavíkur, sem STAK er aðili að, valdi Stofnun ársins - Borg og bær í tveimur flokkum. Flokkarnir skiptast í stærri stofnanir með 50 starfsmenn eða fleiri og minni stofnanir með allt að 49 starfsmenn. Í flokki minni stofnana var Leikskólinn Garðasel á Akranesi 2. sæti með einkunnina 4,508.

Þátttakendur (starfsmenn stofnana) eru spurðir út í átta þætti í starfsumhverfinu .

Val á Stofnun ársins og Fyrirtæki ársins er samvinnuverkefni St.Rv., SFR stéttarfélags og VR. Könnunin er ein stærsta reglulega vinnumarkaðskönnun sem framkvæmd er hér á landi og gefur mikilvægar upplýsingar um stöðu starfsmanna á vinnumarkaði.

Einkunnir Garðasels

Þættir sem eru metnir	Garðasel	Meðaltal stofnana
Heildareinkunn	4,508	3,830
Trúverðugleiki stjórnenda	4,83	3,86
Starfsandi	4,67	4,15
Launakjör	1,95	2,21
Vinnuskilyrði	4,82	3,60
Sveigjanleiki í vinnu	4,43	4,22
Sjálfstæði í starfi	4,79	4,19
Ímynd stofnunar	4,89	3,90
Ánægja og stolt	4,71	4,04